

## REGLUGERÐ

### um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.

#### 1. gr.

Árlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal eigi vera skemmri en níu mánuðir. Þar af skulu kennsludagar eigi vera færri en 145.

#### 2. gr.

Árlegur starfstími nemenda skiptist í tvær annir og skulu þær vera því sem næst jafnlangar.

#### 3. gr.

Skólameistari ákveður, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, upphaf og lok skólastarfs ár hvert innan þeirra marka sem kjarasamningar kveða á um. Hann skal tilkynna kennurum og nemendum þá ákvörðun fyrir lok næsta skólaárs á undan.

#### 4. gr.

Leyfis dagar skulu vera sem hér greinir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Aðrir leyfis dagar eru eingöngu þeir sem lögboðnir eru.

#### 5. gr.

Vilji skóli starfrækja sumarönn skal hann leita heimildar menntamálaráðherra. Um starfsemi framhaldsskóla á sumarönn fer samkvæmt námskrá handa framhaldsskólum og gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi þeirra.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 80/1996, sem og með vísan til 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 3. september 1997.*

**Björn Bjarnason.**

Stefán Baldursson.